

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Dalabyggðar úr landi Reykjadals.*
Í breytingunni felst að lóðum fækkar úr 35 í 23 auk þess sem gert er ráð fyrir að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar.*
Deiliskipulagsbreytingin nær til 2. áfanga og felur í sér að við bætast 53 einbýlishúsaloðir og samtals 60 íbúðir í parhúsum á svæði norðan við núverandi lóðir. Í heild er því gert ráð fyrir allt að 125 íbúðum á svæðinu.
Samþykkt í sveitarstjórn 12. janúar 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. maí 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2012